



LOKAÐ MEÐ BÓKUN


Málnr.: **M-01914/AIG-14**

Dags: **21. júlí 2014**

Staður: **Brekkukot**

Lýsing: **Reif upp girðingar í snertilendingu**

Þann 21. júlí 2014 fór flugmaður ásamt þremur farþegum á flugvélinni TF-SPA (Piper PA-28-151) í flug um Vesturland að Langjökli. Á leiðinni til baka til Reykjavíkur tók flugmaðurinn eftir flugvellinum að Brekkukoti í Borgarfirði og ákvað að lenda þar, án þess að það hafi staðið til fyrirfram. Veður var gott, 15°C og vindur 120°/5 hnútar, en rignt hafði skömmu áður og var því flugbrautin, sem er grasbraut, blaut. Flugmaðurinn hafði ekki lent þarna áður og yfirflug flugvöllinn einu sinni fyrir landinguna til að kanna aðstæður, en þá var hópur af kindum á brautinni sem hljóp á brott þegar flogið var yfir hana. Landingin var svo framkvæmd á flugbraut sem liggur til suðurs og er 450 metra löng. Flughraðinn í landingunni var um 10-15 MPH of hár. Við það flaut flugvélin langt inn eftir flugbrautinni áður en hún lenti, en þá voru einungis um 160 metrar eftir að



flugbrautarenda. Flugmaðurinn tók eftir að miðað við hversu innanlega hann var kominn og þar sem flugbrautin var blaut grasflugbraut, að hann hefði ekki næginlega flugbraut til að stöðva flugvélin fyrir flugbrautarendann. Tók hann því þá ákvörðun að snertilenda einungis og gaf hreyflinum fullt afl. Við enda flugbrautarinnar liggur malarvegur

með girðingu til beggja hliða ásamt því að hitaveiturör er grafið niður í jörðu öðru megin við, fjær flugbrautarendanum. Þegar flugvélin hófst á loft við enda flugbrautarinnar lenti hjólastell hennar á girðingunni sem liggur næst flugbrautarendanum og sleit girðingavír ásamt því að brjóta tvo girðingastaura. Því næst lenti vinstra hjól

flugvélarnar á upphækkuðum jarðvegi ofan á hitaveiturörinu sem liggur meðfram veginum. Við það sprakk vinstra dekk flugvélarnar og vinstri hjólahlífín skemmdist umtalsvert. Næst lenti flugvélin á girðingunni sem liggur meðfram veginum sömu megin og hitaveiturörið og sleit flugvélin þar einn girðingavír og braut tvo girðingastaura. Flugvélin þar á eftir yfir tún sem hallaði niður í sömu átt og flugvélin flaug og snertu hjól flugvélarnar



grasið á túninu á nokkrum stöðum. Að lokum kom flugvélin að enda þessa túns og hafði hún þá ferðast 68 metra yfir túnið og lækkað um 21 fet. Þar flaug flugvélin á þriðju girðinguna og reif hana upp og braut þrjá girðingastaura. Ekki sáust frekari ummerki á vettvangi, en næsta tún hélt áfram að halla niður og ljóst er að flugvélin náði yfir næstu girðingu sem kom þar á eftir.

Við rannsókn á flugvélinni í skýli á Reykjavíkurlugvelli komu í ljós minniháttar skemmdir á loftskrófu ásamt skemmdum á hægra hjólastelli eftir vírinn, auk fyrrnefndra skemmda á vinstra hjólastelli. Miðað við afkastagetu (landing performance)



flugvélarnar og þann stað sem hún lenti á flugbrautinni, þá hefði það ekki dugað til



þess að stöðva flugvélinu fyrir flugbrautarenda hennar. Var því ákvörðunin um að snertilenda flugvélinni einungis við þessar aðstæður (lent of innanlega) rétt. Upphafleg tilkynning flugmanns til RNSA benti ekki til alvarleika atviksins og brýnir RNSA því fyrir flugmönnum að gefa greinagóðar upplýsingar um alvarleg flugatvik í

tilkynningum sínum.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 23. október 2014.